




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Velkomin/nn í hverfið okkar!

„Viltu tala íslensku við mig?“

Lokaskýrsla b hluti 2020 - 2021



ÍSLENSKUÞORPIÐ
THE ICELANDIC VILLAGE

Umsækjendur:

Húsaskóli, Foldaskóli, Klébergsskóli, Rimaskóli, Engjaskóli, Borgaskóli,
Hamraskóli og Íslenskuþorpið



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
2.	<i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	2
3.	<i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	4
4.	<i>Mat á verkefninu</i>	6
5.	<i>Greinargerð um notkun styrkjár</i>	8
6.	<i>Kynning</i>	8

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

1. Inngangur

Sagt frá markmiðum verkefnisins (m.a. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu Reykjavíkur) og aðdraganda þess.

Meginmarkmið verkefnisins er að gera nemandann að virkum þátttakanda í skólastarfinu og skólasamfélaginu með því;

- að innleiða og kenna nýjar kennsluaðferðir í íslensku sem öðru máli
- að skapa aðstæður fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað mál til að nota málið í skólastarfinu og við daglegar athafnir
- að kenna með markvissum hætti orðaforða og hugtök skólasamfélagsins
- að innleiða fjölmennningarlega kennsluhætti
- að gera nemendur tæknivædda og nýta hugbúnað / forrit til náms og miðlunar
- að stuðla að aukinni virkni og þátttöku nemenda með íslensku sem annað mál í skólastarfinu
- að auka samstarf milli kennara sem kenna íslensku sem annað mál og kennara annarra námsgreina
- að stuðla að aukinni fjölmennningarlegri vitund í grunnskólum
- að virkja grenndarsamfélagið og efla ábyrgð þess á að taka vel á móti nýjum Íslendingum

Markmið verkefnisins tengjast sérstaklega samfélags- og læsisþætti menntastefnunnar. Megináhersla er lögð á hæfnina til að eiga árangursrík samskipti í skólanum og úti í samfélaginu ásamt því að geta lesið, skilið og túlkað mál, texta, umhverfi og hegðun.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?

Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Undanfarin ár hefur nemendum með íslensku sem annað mál fjölgað mikið í skólunum. Skólarnir hafa ekki verið nógu vel í stakk búnir til að mæta þessum nemendum, námslega og félagslega. Við teljum afar mikilvægt að efla kennslu og þverfaglega umgjörð kringum nemendur með íslensku sem annað mál, ekki eingöngu með íslenskukennslu heldur viljum við styrkja félagsfærni og efla sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra í skólasamfélaginu. Helsta áskorun verkefnisins er að taka upp nýjar kennsluaðferðir sem efla til muna tjáningarfærni, námsorðaforða og orðaforða í skólasamfélaginu hjá nemendum með íslensku sem annað mál.

Skipulag og framkvæmd í tímaramma:

Júní – ágúst 2020:

Undirbúningur; samráð og samvinna milli skólanna (*skólastjórar og verkefnisstjóri*).

Þarfagreining (*verkefnisstjóri og skólastjórar*):

Val á þorpstjórum í hverjum skóla, **val á þátttakendum** (nemendum með íslensku sem annað mál), **val á viðmælendum** (stuðningsneti innan skólanna=Íslenskuþorpið). (*skólastjórar og verkefnisstjóri*)

September 2020:

Uppsetning Íslenskuþorpa í skólunum ásamt **fræðslu fyrir viðmælendur** (*verkefnisstjóri og þorpsstjórar*).

Námskeið I fyrir þorpstjóra í kennsluaðferðinni (*verkefnisstjóri*).

Fyrirlestrar og hvatning fyrir allt starfsfólkið í skólunum (*verkefnisstjóri og Hanna Ragnarsdóttir*):

Verkefnisstjóri fór í alla skólana með kynningu á verkefninu, mikilvægi þess að tala íslensku og hvatningu fyrir allt starfsfólk (stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk).

Hanna Ragnarsdóttir var með fyrirlestur um **fjölmenningu, þvermenningarlega færni og menningarmiðaða kennsluhætti**.

Stöðumat hjá nemendum sem taka þátt í verkefninu (*þorpsstjórar*).

Október 2020 – maí 2021:

Kennslan hefst (*þorpsstjórar*). **Handleiðsla hefst** (*verkefnisstjóri*).

Viltu tala íslensku við mig er verkefni í samskiptum þar sem nemendur eiga samskipti við velviljað íslenskumælandi fólk í skólunum og nágrenni þeirra. Þorpsstjórar sömdu við velviljaða viðmælendur innan skólanna eftir þörfum og áhuga nemenda, eins og t.d.; ritara, húsverði, mötuneyti, sérgreinakennara, námsráðgjafa, bókasöfn, skólastjóra o.fl.

Erfitt var að framfylgja upphaflegu áætluninni um stuðningsnet í nágrenni skólanna. Samskiptatakmarkanir, hólfaskiptingar og álag í skólunum settu mark sitt á framvinndu verkefnisins.

Þorpsstjórar og verkefnisstjóri funduðu reglulega og eftir bestu getu aðlöguðu verkefnið að covid aðstæðum skólanna hverju sinni.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2020:

Fyrirhuguð var hátíð í Egilsshöll til þess að fagna íslensku sem öðru máli með eftirminnilegum hætti. Vegna covid aðstæðna gekk það ekki. Þess í stað var ákveðið að gera myndband til þess að veka athygli á íslensku sem öðru máli. Forsetahjónin ásamt þjóðþekktum einstaklingum og nemendum í skólunum sögðu frá reynslu sinni af því að læra íslensku og hvöttu til íslenskunotkunar (sjá nánar um myndbandið undir 6. Kynning) (*verkefnisstjóri*).

Febrúar 2021

Námskeið II fyrir þorpstjóra í kennsluaðferðinni og verkefnum fyrir lengra komna nemendur (*verkefnisstjóri*).

Íslenskunámskeið (7 vikur) fyrir erlent starfsfólk í skólunum eftir aðferðum Íslenskuþorpsins (*verkefnisstjóri*).

Mars 2021

Fyrirlestur og hvatning fyrir allt starfsfólkið í skólunum (*verkefnisstjóri og Fríða Bjarney Jónsdóttir*) um **viðhorf og samskipti í fjölbreyttum nemendahóp og áhrif þess á sjálfseflingu**.

Menntasefnumót 2021: *Mixtúra og verkefnisstjóri* gerðu ítarlegt myndband um verkefnið (sjá nánar um myndbandið undir 6. Kynning).

Maí 2021

Þorpsstjórar stóðu fyrir **kynningu á Íslenskuþorpsverkefnum nemenda** fyrir skólastjóra, verkefnisstjóra og Fríðu Bjarneyju Jónsdóttur.


Mat á verkefninu. Þorpsstjórar, skólastjórar, erlent starfsfólk tók þátt í könnunum (sjá nánar undir 4. *Mat á verkefninu*) (*verkefnisstjóri*).

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?

6 – 10 nemendur með íslensku sem annað mál hafa lært íslensku með aðferðum Íslenskuþorpsins í hverjum skóla. Þorpstjórnarnir **hafa tileinkað sér þessa nýju kennsluaðferð og sjá árangur hjá nemendum í íslensku, aukið sjálfstraust og meiri áhuga því að nota íslensku. Kennarar og starfsfólk í skólunum er meðvitaðra um mikilvægi þess að eiga samskipti á íslensku í skólunum fyrir nemendur með íslensku sem annað mál.**

Kennarar og starfsfólk í skólunum **hefur fengið fræðslu um fjölmenningu, menningarnæmi, fjölmenningarlega kennsluhætti og fræðslu um mikilvægi þess að tala íslensku við þá sem eru að læra málið.**



(Viltu tala íslensku við mig?)

Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?

Niðurstöður verkefnisins sýna árangur og framfarir hjá nemendum sem tóku þátt og ekki síst meiri gleði í íslenskunáminu. Niðurstöðurnar (sjá *Mat á verkefninu*) benda til þess að nauðsynlegt hafi verið að auka sýnileika og draga fram mikilvægi talaðs máls í íslensku sem öðru máli. Töluðu máli hefur ekki verið gert nægjanlega hátt undir höfði í skólunum.

Verkefnið byggir á annarsmálsrannsóknum sem sýna skýr tengsl milli málnotkunar og máltileinkunar. Verkefnið hefur sýnt fram á að nemendur með íslensku sem annað mál, 6 – 16 ára, geta lært íslensku með því að tala íslensku eftir ákveðnum markvissum og sérsniðnum leiðum Íslenskuþorpsins. **Það er afar mikilvægt að skólasamfélagið allt verði meðvitað um þetta.**

Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?

Helsti ávinningur verkefnisins eru **meiri íslenskunotkun** (meira talað mál), **aukin tækifæri** nemenda með íslensku sem annað mál til að nota málið á sem flestum stöðum í skólunum. **Tilbreyting frá hefðbundnu íslenskunámi** sem býður upp á fjölbreytta möguleika til læra íslensku og kynnast skólasamfélaginu. **Jákvætt viðhorf** og **viðhorfsbreyting** í notkun íslensku í samskiptum í skólunum er hvetjandi og eykur sjálfstraust nemendanna í íslenskunáminu.



(Samskipti við smíðakennara)



(Samskipti við íþróttakennara)



(Samskipti við samnemendur)

Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?

Verkefnið byggir á traustum grunni fræðasamfélags Háskóla Íslands og er unnið í samstarfi við Menntavísindasvið og Hugvísindasvið. Stuðst er við rannsóknir í a) annarsmálsfræðum þar sem sjónum er beint að máltileikun í samskiptum utan

kennslustofunnar með aðferðum samtalsgreiningar og b) að eigindlegum rannsóknum um þróun fjölmenningsnámsnámsfélags.

Ef verkefnið fær áframhaldandi styrk mun Hanna Ragnarsdóttir halda utan um rannsóknarvinnu verkefnisins (2021-2022).

Heimildir:

Hugvísindasvið:

Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir, aðjúnkt í íslensku sem öðru máli og verkefnastjóri Íslenskuþorpsins (sjá ferilskrá í viðhengi).

Heimildir:

Guðrún Theodórsdóttir. 2010. *Conversations in Second Language Icelandic: Language learning in Real-Life Environments*. Óprentuð Ph.D. ritgerð. Syddansk Universitet, Óðinsvém.

<https://languagelearninginthewild.com/>

Wagner, J. (2004). The classroom and beyond. *Modern language journal*, 88(4): 612-616.

Menntavísindasvið:

Dr Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningsfræðum.

Heimildir:

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=76572>

<https://www.hi.is/starfsfolk/hannar>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar:

Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölmennings hjá SFS

https://www.hi.is/menningarnaemi_i_menntun

4. Mat á verkefninu

Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?

Víðtækt mat fór fram á verkefninu með könnunum og spurningalistum ásamt kynningu þorpsstjóra á vinnu vetrarins.

Nemendur sem tóku þátt í verkefnum Íslenskuþorpsins fóru í stöðumat við upphaf þátttöku til þess að hægt væri að fylgjast með framförum hjá þeim. Í könnun hjá þorpsstjórum var spurt um árangur/framfarir hjá nemendum sem mátti rekja til Íslenskuþorpsvinnunnar.

Þorpsstjórar og skólastjórar svöruðu nafnlausri könnun á Google Forms og erlenda starfsfólkið svaraði námskeiðskönnun við lok íslenskunámskeiðs.

Þorpsstjórar

Þorpsstjórar svöruðu nafnlausri könnun á Google Forms (sjá fylgiskjal – Könnun - þorpsstjórar). Könnunin tók á öllum þáttum verkefnisins (kennsluáðferðin, árangur nemenda, viðmælendur, verkefnin, upplifun þorpsstjóra).

Niðurstöður sýna skýrt að þorpsstjórar taka eftir **framförum í íslensku hjá nemendum sem rekja má til Íslenskuþorpsvinnunnar. Framfarirnar eru mestar í töluðu máli** en ná einnig til þátta eins og skilnings, lesturs og ritunar. Nemendur sem tóku þátt áttu **auðveldara með að tala, juku sjálfstraust sitt** og töluðu minni ensku.

Þorpsstjórum finnst **kennsluaðferðin ná að afmarka efni/orðaforða skýrt við ákveðin þemu** og auðvelda þannig nemendum að tjá sig. Einnig kom fram að nemendum **fannst verkefnið skemmtileg** og þorpsstjórum fannst Íslenskuþorpsvinnan **auka á nauðsynlega fjölbreytni í kennslunni**. Í könnuninni kemur fram að **Íslenskuþorpsvinnan tekur tíma** og að erfitt getur reynst að koma verkefninum fyrir á stundatöflu. Þorpsstjórnir **telja Íslenskuþorpsaðferðina góða**, henta vel fyrir nemendur í grunnskóla og **mæla með aðferðinni** fyrir kennara sem kenna íslensku sem annað mál.

Skólastjórar

Skólastjórar svöruðu nafnlausri könnun á Google Forms (sjá fylgiskjal – Könnun - skólastjórar). Könnunin fjallaði um kosti og galla verkefnisins ásamt mati á þeim ávinningi sem þeir töldu verkefnið hafa haft.

Í niðurstöðum kemur fram almenn **ánægja með nýja nálgun og verklag í íslenskukennslu fyrir nemendur með íslensku sem annað mál**. Skólastjórar tóku eftir **aukinni færni í íslensku** hjá nemendum og **meira öryggi við að nota íslensku** í samskiptum. Einnig sjá skólastjórar mikilvægi þess að bjóða upp á **fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem brjóta upp hefðbundna kennslu** og **kenna um leið markvisst orðaforða nærumhverfisins og skólasamfélagsins**. Skólastjórar telja verkefnið í heild **fjölbreytt fjölmenningsverkefni og ná til margra aðila innan skólanna** ekki síst til erlenda starfsfólksins sem fékk tækifæri til að fara á íslenskunámskeið með mentor. Líkt og þorpsstjórnir tala skólastjórar um að **aðferðin er tíma- og mannaflafrek**.

Erlent starfsfólk:

Erlent starfsfólk í þátttökuskólunum fór á íslenskunámskeið með aðferðum Íslenskuþorpsins. Í námskeiðskönnun sem lögð var fyrir við lok námskeiðs kemur fram mikil ánægja með námskeiðið,

þar sem **80% telja sig hafa lært;**

mjög mikið og mikið í íslensku á námskeiðinu.


Þar kemur einnig fram ánægja með samstarfið við mentora á vinnustöðunum en **skýr tengsl eru milli árangurs og ánægju á námskeiðinu og þess að hafa mentor** sem tekur þátt í íslenskunáminu.

Þá er einnig gaman að segja frá því að einhverjir ætla að halda áfram íslenskusamstarfinu með mentorum sínum. Það sem vekur mesta athygli í niðurstöðum er að **90% nemenda tala oftár íslensku nú en áður**.

Íslenskuþorpið er kennsluverkefni í samskiptum á

íslensku, markmið þess að er að hvetja til samskipta á

íslensku. Því má segja að einu aðalmarkmiði námskeiðsins hafi verið náð – að tala meiri íslensku.



(Mentor og nemandi á námskeiðinu)

Samantekt á niðurstöðum:

Skýrar framfarir í íslensku, aukið sjálfstraust og ánægja með nýstárleg verkefni hjá nemendum með íslensku sem annað mál. Niðurstöður sýna fram á mikilvægi þess

að gera töluðu máli hærra undir höfði á stundatöflunni. Verkefnið hefur vakið athygli innan skólanna á mikilvægi þess að tala íslensku fyrir þá sem eru að læra málið. Samskiptaverkefni taka tíma, erfitt getur verið að finna verkefnum stað á stundatöflu. Áskorun skólanna á næsta vetur verður að taka tillit til eðlis og umfangs samskiptaverkefna nemenda með íslensku sem annað mál.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

4.355.000 kr. hafa verið greiddar út af styrknum.

- Verkefnastjóri - 4.000.000 kr.
- Kynningarefni fyrir verkefnið - 620.000 kr (myndband fyrir dag íslenskrar tungu)
- Bolir með slagorði verkefnisins - 53.879 kr.
- Fyrirlestur Hönnu Ragnarsdóttur - 67.000 kr.
- Námsgögn - 327.000 kr.
- Skilafundur þorpstjóra og skólastjórnenda - 126.620 kr.

Alls hefur útlagður kostnaður verið 5.194.499 kr. Þar sem Covid setti strik í reikninginn er afgangur af styrknum sem átti að fara í rannsóknir og greiða þorpstjórum laun en skólarnir sáu um að reiða öll laun þorpstjóra. Nú hafa eingöngu verði sendir út spurningalistar til þorpstjóra, skólastjóra og starfsmanna á íslenskunámskeiði en frekari rannsóknir verða gerðar næsta skólaár. Afgangurinn 1.305.501.

6. Kynning

Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?

Kynningar:

- Fyrirhugaðar eru greinar í Skímu, Málfríði og Netlu um verkefnið, framkvæmd þess og árangur.
- Kynning á verkefninu á Hugvísindabíngi 17. og 18. september 2021.
- Kynning á verkefninu og framkvæmd þess á Menntakviku 15. október 2021.
- Kynningar á félagsfundum fyrir Samtök áhugafólks um skólaþróun. (www.skolathroun.is).
- Kynning á skólastjórafundi fyrir félagsmenn.
- Umfjöllun í fjölmiðlum á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2021.

Hvaða kynningar hafa þegar farið fram á verkefninu og/eða niðurstöðum þess? Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum [í verkfærakistu á vef menntastefnunnar](#) (Dæmi: myndband, vefur, greinaskrif, handbók, verkefnalýsing eða annað)?

1.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2020 fóru skólarnir í Grafarvogi og á Kjalarnesi í herferð á samfélagsmiðlum til að kynna verkefnið og mikilvægi þess að tala íslensku fyrir þá sem eru að læra málið. Ráðist var í gerð myndbands sem allir skólarnir nýttu til umræðu um íslensku sem annað mál í öllum bekkjardeildum skólanna.

Sjá umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum á samfélagsmiðlum:

<https://www.youtube.com/watch?v=F586tZPTy9I>

<https://www.frettabladid.is/frettir/enskunotkun-nemenda-aukist/>

<https://www.visir.is/g/20202036294d/dagur-is-lenskrar-tungu-viltu-tala-is-lensku-vid-mig->

[?fbclid=IwAR1nMCOh2gKlIKk0VgUly5jZfX1S1eC69v6go4XtEzU5XUZdzxKJ5dbSMAE](https://www.facebook.com/islenskuthorpid)

<https://www.facebook.com/islenskuthorpid>

2.

Verkefnið tók þátt í Menntastefnumóti þann 10. maí síðastliðinn.

Mixtúra gerði myndband um verkefnið þar sem verkefnið var kynnt, kennsluaðferðin sýnd með þorpsstjóra og nemendum og tekin voru viðtöl við þátttakendur og skólastjórnendur í skólunum.

Sjá myndband:

<https://vimeo.com/543037809>



(viðtal Mixtúru við feðga sem tóku þátt í Íslenskuþorpinu í Rimaskóla og Húsaskóla)

3.

Á google classroom hefur verið haldið utan um vinnu vetrarins. Þar má finna kennsluleiðbeiningar, fyrirlestra og upplýsingar um framkvæmd verkefnisins. Hver skóli setur inn efni um nemendur, verkefni og mynd- og hljóðupptökur frá samskiptum nemenda við velviljaða þátttakendur.